



Reglur um garðþjónustu fyrir ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega

1.gr Markmið

Markmið með þjónustunni er að aðstoða ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega sem eru með 75% örorku og ekki geta hjálparlaust hirt lóðir sínar og nefnast þjónustuþegar.

2.gr Réttur til nýtingu þjónustu

Rétt til nýtingu þjónustunnar eiga ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Hrunamannahreppi, sem hafa fasta búsetu og lögheimli í íbúðarhúsnæðinu þar sem þjónustunna er óskað. Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþegar. Lóðir við fjöleignarhús tilheyra ekki þessari þjónustu nema allir íbúar þess falli undir ofangreind skilyrði.

3.gr Þjónustulýsing og greiðslur

Þjónustuþegar leita sjálfir til þeirra þjónustuaðila sem bjóða upp á garðþjónustu og sjá um skipulagningu og greiðslur til viðkomandi þjónustuaðila. Niðurgreiðsla sveitarfélagsins getur að hámarki numið kr. 30.000 á ári.

Þjónustuþegi þarf að senda umsóknareyðublað um rétt til niðurgreiðslu ásamt öðrum upplýsingum og skila samhliða til sveitarfélagsins gildum reikningum vegna kaupa á þjónustu á skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfangið hruni@fludir.is.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 5. maí 2022
